

Ályktun um heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, varar stjórnvöld við þeirri þróun sem virðst vera að festast í sessi á Íslandi, þar sem viðvarandi fækkun stöðugilda í heilbrigðisþjónustu, niðurskurður á fjármagni til bráðaaðila og tækjakaups, sem og umræða um sameiningar þjónustusvæða sem fela í sér fækkun lækna, hjúkrunarfólks og heilbrigðisstarfsmanna, verða augljós afleiðing. Á sama tíma fagna stjórnvöld aukinni og gjaldeyrisskapandi ásókn ferðamanna til Íslands og þar með aukinni umferð um vegi landsins. Vitað er að Vestfirðir hafa hingað til fengið sáralítinn hluta þess fjölda ferðamanna sem sækja Ísland heim á hverju ári og má þar nefna að gistinætur á Vestfjörðum eru aðeins um 4% af fjölda gistinátta á Íslandi. Á sama tíma er því spáð að á næstu árum verði Vestfirðir ofarlega við val á áfangastað meðal ferðamanna. Það fer ekki saman að hvetja til aukinna heimsóknna ferðamanna, aukinnar umferðar um misjafnlega góða og örugga vegi, á sama tíma og skorðið er niður til innviðauppgjagnar, heilbrigðisþjónustu og löggæslu á Vestfjörðum, sem og víða á landsbyggðinni.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að viðurkenna það ósamræmi sem felst í þessum aðgerðum sínum og snúa þeirri þróun við. Ótalin er að auki sá ávinningur sem fælist í eflingu heilbrigðisþjónustu og löggæslu fyrir íbúa þessa svæðis, sem í dag búa við annað aðgengi og oft á tíðum mun minna öryggi en víða annars staðar. Traust heilbrigðiskerfi væri ein meginforsenda þess að fólk flytti búferlum til Vestfjarða. Traust heilbrigðiskerfi styður við alla atvinnuuppbyggingu og skapar forsendur fyrir vöxt.

Greinargerð.

Í nýlegri könnun sem gerð var á vegum heilbrigðisráðuneytisins varðandi viðhorf fólks á landsbyggðinni til heilbrigðisþjónustunnar, kemur m.a. fram, að á Vestfjörðum var hærra hlutfall svarenda en í öðrum landshlutum, sem töldu að bæta þurfi bráðaþjónustu á vettvangi. Ánægja með núverandi kerfi var síst á Vestfjörðum og Suðurnesjum, samkvæmt umfjöllun bb.is.

Á Hólmavík til dæmis, er nú enginn hjúkrunarfræðingur, enginn meinataeknir og ekki er hægt að ráðstafa lausu rými á heilbrigðisstofuninni til sjúklinga, sökum skorts á mannafla og niðurskurði á þjónustu. Undanfarin 25 ár, hefur þessi þjónusta verið að þynnast út. Í dag er erfitt að segja að lágmarksöryggi sé mætt við vissar aðstæður. Þurfi lækni að fara í útkall eða flutning suður, er oft um að ræða 6-12 tíma fjarveru eina læknisins á svæðinu sem og sjúkrabílsins. Ekkert formlegt sjúkraflug er í boði. Þyrluflug er alltaf háð takmörkunum um aðgengi að þyrlu, staðsetningu hennar og veðurfar. Núverandi þyrlukostur þolir ekki þá ísingu sem oft verður á Vestfjörðum. Þær tvær þyrlur sem stjórnvöld voru búin að panta en hættu við í covid faraldinum, þöldu þessa ísingu.

Umræða um staðsetningar á þyrlum nær ekki til Vestfjarða. Þyrla í Reykjavík, á Akureyri eða Egilsstöðum, tryggir ekki öryggi á Vestfjörðum í öllum tilvikum. Á hverju ári eru m um 1,000 sjúkraflug með flugvélum og 300 sjúkraflug með þyrlum. Oft er það svigrúm sem þarf til að

bjarga sjúklingi um eða undir tveimur klukkutímum. Það er augljóst að þarna má ekki miklu muna og því myndi þyrlla á Vestfjörðum bjarga mannlífi í þessum tilvikum.

Umræða um sparnað og lækun kostnaðar er á þann veg, að hagkvæmt sé að sameina umdæmi og fækka stöðugildum. Það sem þessi leið hins vegar gerir, er að skapa stór og umfangsmikil umdæmi, sem þarf þá að þjónusta með einu stöðugildi í stað fleiri. Eitt (stærra) svæði, ein vakt. Einn læknir eða hjúkrunarfræðingur. Reyndir læknar telja þetta mikið óráð t.d. gagnvart unglæknum, sem fá þá í fangið illviðráðanleg svæði sökum umfangs og álags.

Eins er rætt um fjarlækningar sem lausn eða leið til ráðgjafar. Læknar í fjarbúnaði eiga að leiðbeina og taka ákvarðanir um meðhöndlun á slysstað eða á sjúkrastofum heilbrigðisstofnanna. Oft á tíðum myndi stöpult símasamband gera þetta ómögulegt. Að auki hefur alltaf verið hægt að sækja ráðgjöf til Landsspítala og sérfræðinga þar með símtali, telji starfsfólk á vettvangi það nauðsynlegt. Hér er því ekki nýtt úrræði, en þess í stað er ábyrgðin tvístruð. Sumir kalla þetta útpynningu á þeirri þjónustu og því trausti sem hefur verið byggt upp og er svo nauðynlegt að sér til staðar. Þessi „nýja“ leið, er því í raun þjónustuskerðing.

Forsendur fólksfjölgunar eru margar. Atvinnuöryggi, góðir skólar, samkeppnishæf menntun og afþreying, tómstundir, íþróttumhverfi, tónlistarkennsla o.s.frv. Heilbrigðisþjónusta er þarna einn lykilþátta sem nú á í högg að sækja. Það er pólitísk ákvörðun að breyta þessu. En, sú ákvörðun þarf að byggja á staðarþekkingu og reynslu á aðstæðum, en umfram allt þarf sú ákvörðun að byggja á viðurkenningu á vandanum.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar